
KRISTNIBOÐSFRÉTTIR

Fréttabréf Sambands íslenskra kristniboðsfélaga



Í trú, von og kærleika

sik.is

1. tbl. 40 árg. júní 2026

Lífsins vatn fyrir þyrstan heim

Frásagnirnar sem berast okkur úr kristniboðsstarfi víða um heim minna okkur á hvað kristniboð snýst í raun um. Það snýst ekki fyrst og fremst um verkefni, tölur eða starfsemi. Það snýst um Jesú Krist – lífsins vatn handa þyrstum heimi. Í heimi þar sem svo margir lifa við ótta, stríð, óréttlæti, einmanaleika og vonleysi er Guð kristninnar ekki fjarlægur guð. Hann er sá sem steig sjálfur niður til barna sinna og deildi með þeim kjörum. Guð sem varð hold og bjó meðal okkar. Á sama hátt erum við kölluð til að lifa meðal fólks, deila lífi þess og bera vitni um kærleika Guðs í verki og sannleika.



Í Keníu gengur ung stúlka í tólf klukkustundir á flótta undan hjónabandi og kynfæralimlestingu. Hún gengur ekki út í tómið heldur í átt að von. Í skjólinu sem kirkjan og samstarfsaðilar hennar hafa byggt upp fær hún öryggi, mat, hlýju og framtíð. Þar er ekki einungis hennar líkamlegu þörfum mætt heldur einnig sálrænum og andlegum. Þar eru stúlkur sem fá að læra að þær hafi rödd, eigi framtíð og séu verðmætar í augum Guðs.

Í Mið-Austurlöndum sitja mæður með börnum sínum undir ógn stríðs og óvissu. Mitt í þeim aðstæðum reynir SAT7 að vera rödd vonar, staður þar sem börn geta fundið öryggi, samfélag og kærleika Guðs – jafnvel í gegnum sjónvarpsskjá.

Í Japan glímir kirkjan við annars konar áskoranir. Þar er leitað leiða til að ná til næstu kynslóðar og boða fagnaðarerindið japönsku þjóðinni, sem ekki hefur byggt samfélag sitt á gildum Biblíunnar eins og vestrænu þjóðirnar. Það er hægara sagt en gert, vöxturinn er hægur en samt er sáð fræjum í trausti þess að Guð gefi vöxtinn.

Hér heima reynum við á ýmsan hátt að vera til staðar og boða vonina í Kristi. Eins er fjöldi sjálfboðaliða sem gefur tíma sinn og krafta til að styðja innflytjendur og hælisleitendur fyrstu skrefin í íslenskunáminu.

Allar þessar frásagnir minna okkur á að kristniboð er ekki fyrst og fremst verkefni heldur nærvera. Jesús sjálfur sýndi okkur það. Hann kom ekki úr fjarlægð með skipanir og kröfur. Hann varð hold og bjó meðal okkar. Hann gekk inn í sársauka heimsins, sat við borð fólks, hlustaði, grét og elskaði. Þess vegna segir hann einnig við okkur: „Eins og faðirinn sendi mig, sendi ég yður."

Kristniboð er ekki aðeins fyrir fáa útvalda sem fara langt í burtu. Það er köllun kirkjunnar allrar. Köllun til að vera nærvera Krists í heimi sem þráir von, sannleika og kærleika. Sum okkar eru send til Keníu eða Japans. Önnur eru send inn í skólastofur, fjölskyldur, vinnustaði eða vinahópa. En við erum öll send. Og við höfum öll boðskap sem tekur öllum öðrum fram: „ Því svo elskaði Guð heiminn að hann gaf einkason sinn til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki heldur hafi eilíft líf. Guð sendi ekki soninn í heiminn til að dæma heiminn heldur til þess að frelsa hann" (Jóh 3.16–17) .

Sigríður Schram

Kristniboðsfréttir

Fréttabréf Sambands íslenskra kristniboðsfélaga, SÍK.

Blaðið Kristniboðsfréttir segir frá kristniboðsstarfi í Eþíópíu, Keníu, Kína, Japan og víðar um heim. Þar má lesa um útvarps- og sjónvarpskristniboð sem SÍK styður í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Þá eru fréttir af heimastarfi félagsins, hugvekjur o.fl.

Hægt er að skrá áskrift með því að hafa samband við skrifstofu SÍK í síma 533 4900 eða með rafpósti til sik@sik.is – annaðhvort prentaða útgáfu í almennum pósti eða með rafrænum hætti á rafpóstfang viðtakanda. Áskrift er ókeypis!

Ritstjóri: Sigríður Schram.

Útlit og uppsetning: Hugrún Lena Hansdóttir.

Prófarkalestur: Sigríður Jóhannsdóttir.

Prentun: Prentun - Leturprent.

Útgefandi er Samband íslenskra kristniboðsfélaga (SÍK), oft nefnt Kristniboðssambandið, Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík.

Sími: 5334900. Rafpóstur: sik@sik.is Vefslóð: www.sik.is

Framkvæmdastjóri er Sigríður Schram.

Hvað er kristniboð?

Kristniboð snýst um að gera Jesú Krist þekktan meðal þjóðanna með því að boða fagnaðarerindið um hann og sýna fólki kærleika Guðs í verki með kærleiksþjónustu sem veitt er án nokkurra skilyrða og nokkurra þvingana. Þannig hefur fólki verið hjálpað með ýmsum hætti á sviði heilsuverndar og heilsugæslu, menntunar og skólastarfs, fræðslu um umhverfismál, trjárækt og sjálfbærni, með valdeflingu kvenna o.fl. SÍK tekur þátt í ýmsum verkefnum í Eþíópíu og Keníu með fjárframlögum og ráðgjöf og er með kristniboða í Japan. Með þátttöku í öflugu fjölmiðlastarfi fær fjöldi fólks tækifæri til að kynnast Jesú Kristi í Mið-Austurlöndum, Norður-Afríku, Pakistan og Kína. Hagnýt ráð og hjálp veitir von og styrk.
Á Íslandi er boðunar- og fræðslustarf á samkomum og fundum, með útgáfu lesefnis og birtingu á netinu. SÍK býður útlendingum ókeypis íslenskukennslu.

Fjármál

Starf SÍK er fjármagnað með frjálsum framlögum velunnara og áhugafólks, fjáröflun og sölu á nytjamarkaði Basarsins. Þjóðkirkjan styður starfið með árlegu framlagi, utanríkisráðuneytið styrkir afmörkuð verkefni eftir umsókn og Rannís íslenskukennslu fyrir útlendinga.
Hægt er að gerast stuðningsmaður starfsins með föstum greiðslum eða með því að greiða inn á bankareikning félagsins (0117-26-2800 / kt. 550269-4149). Fjárhagsáætlunin er um 130 milljónir á þessu ári. Nú eru gjafir að upphæð 10.000 til 350.000 á ári frádráttarbærar til skatts.

My Sisters – hjálp til sjálfshjálpar



Kristniboðssambandið hefur í mörg ár stutt við samtökin My Sisters í Addis Ababa, höfuðborg Eþíópíu. Meginhersla My Sisters er að veita ungum fátækum konum með ung börn tækifæri til betra lífs.

Leikskólarnir

My Sisters rekur fjóra leikskóla þar sem um 80 börn fá örugga umönnun og heitar máltíðir á meðan mæðurnar geta unnið eða stundað nám.

Börnin koma snemma að morgni, fara í bað og fá hrein föt á meðan þeirra eigin föt eru þvegin. Yfir daginn fá börnin 4 næringarríkar máltíðir, leik, hvíld, kennslu, umönnun og öryggi. Á meðan börnin eru á leikskólanum fá mæðurnar tækifæri til að taka að sér dagvinnu eða stunda nám. Að skóladegi loknum fara börnin aftur í gömlu en nýþvegnu fötin sín og eru tilbúin í heimferðina með mömmu. Þannig hefur tekist að vinna bug á mörgum smitsjúkdómum, flóm og lúsum. Leikskólarnir gefa mæðrunum tækifæri til að vinna eða stunda nám og þannig framfleyta fjölskyldum sínum. Þegar börnin eldast geta þau fengið námsstyrki fyrir framhaldsskóla- og háskólanám, heimanámsaðstoð og leiðsögn. Allar fjölskyldur í My Sisters fá einnig mat í gegnum matvælaúthlutanir og ókeypis læknishjálp á heilsugæslustöðinni. Á leikskólunum fjórum starfa 20 manns og flest aðstoðarfólkið á leikskólunum hefur fengið menntun sína í gegnum My Sisters.

Starfsnám

My Sisters býður upp á starfsnám í hárgreiðslu og barnagæslu sem opnar ungum konum og einstæðum mæðrum leið inn á vinnumarkaðinn. Um 90 konur útskrifast úr náminu á hverju ári. 90% þeirra fara út á vinnumarkaðinn og eru eftirsóttir starfsmenn.

GRIT – Girls Right For Independence Trust

GRIT er verkefni þar sem konur með raunhæfar viðskiptahugmyndir fá stofnfé og námskeið í stofnun og rekstri eigin fyrirtækis. Með þessu verkefni fá konurnar tækifæri til að sjá fyrir sér og trú á að þær geti náð árangri í að byggja upp eigin starfsferil.

Námsstyrkir og SponsorHer

My Sisters hefur stutt mörg ungmenni til háskólanáms. Í gegnum SponsorHer fá ungar stúlkur sem eru í framhaldsskóla einnig mánaðarlegan fjárhagsstuðning til samgangna og kaupa á nauðsynlegum skólavörum.

Heimanámsaðstoð

Um 50 börn fá heimanámsaðstoð eftir skóla þrjá daga í viku. Þetta er mikilvæg þjónusta fyrir börn sem þurfa eftirfylgni til að komast í næsta bekk. Foreldrar í Eþíópíu leggja allt í sölurnar til að börnin fái skólagöngu en í fátækum fjölskyldum gerist það oft að einhverjir hætta eða dragast aftur úr í skólanum. Þetta á sérstaklega við um stúlkur því þær þurfa oft að vera heima til að annast veik systkini eða mæður. Heimavinnuaðstoðin er góð hjálp til að þær geti unnið það upp og náð viðmiðum árgangsins.

Heilsugæslan og félagsþjónustan

Í aðalstöðvum My Sisters fá um 10.000 manns ókeypis grunnheilbrigðisþjónustu á hverju ári. Þeir sem tengjast My Sisters og búa í hverfinu fá ókeypis læknishjálp, eftirfylgni vegna ýmissa sjúkdóma, lyf, ráðgjöf og leiðbeiningar. Sumir þurfa á langvarandi eftirfylgni að halda vegna sjúkdóma á meðan öðrum er fylgt eftir í styttri tíma, til dæmis börnum með næringarvandamál. Heilsugæslan hefur tvo fastráðna starfsmenn sem báðir eru hjúkrunarfræðingar, annar þeirra með framhaldsmenntun. Þessir tveir hjúkrunarfræðingar vinna einnig náið með félagsráðgjöfunum og þeim sem bera ábyrgð á heimaheimsóknum, þannig að þeir eru upplýstir um alla stöðu þess einstaklings eða fjölskyldu sem þeir hafa sem skjólstæðing á heilsugæslunni. Fjölskylduáætlanir eru einnig mikilvægur þáttur heilsugæslunnar og starfsmennirnir veita góð ráð og leiðbeiningar til þeirra fjölskyldna sem þess óska.

Hægt er að styðja við verkefnið með því að leggja inn á söfnunarreikning SÍK, kt. 550269-4149, reikn. 0117-26-2800 með skýringunni „My Sisters".



Fréttir af aðalfundi og fjármálum

Aðalfundur SÍK var haldinn miðvikudaginn 13. maí. Um 35 manns sóttu fundinn þar sem hefðbundin aðalfundarstörf voru á dagskrá: skýrsla stjórnar og starfsáætlun, ársreikningur liðins árs og fjárhagsáætlun yfirstandandi árs, skýrslur frá kristniboðsfélögunum, stjórnarkjör og val á skoðunarmönnum auk almennra umræðna.

Engin breyting varð á aðalstjórn á fundinum en í henni sitja Ásta Bryndís Schram, Guðlaugur Gunnarsson, Katrín Ásgrímsdóttir, Kristján S. Sigurðsson og Ólafur Jóhannsson. Varamenn eru Guðmundur Guðmundsson og Páll Hreinsson en hann kom inn í stað Sigurðar Pálssonar sem ekki gaf kost á sér til endurkjörs.

Gjaldkeri stjórnar kynnti endurskoðaðan ársreikning fyrir árið 2025, fór yfir helstu tölur og bar saman við síðustu átta ár. Tekjur komu frá einstaklingum, kristniboðsfélögum, kirkjum, fjáröflunarverkefnum, Basarnum, Rannís og utanríkisráðuneytinu vegna þróunarverkefnis í Keníu. Fjárhagsáætlun ársins 2025 gerði ráð fyrir 6 milljóna króna halla en reyndin varð 8,8 milljónir. Munar þar mestu um að enginn styrkur kom frá NLM. Fundað hefur verið með NLM vegna málsins og unnið að nýjum samningum til næstu ára. Gjaldkeri kynnti einnig fjárhagsáætlun sem er upp á tæpar 130 milljónir kr. og er stefnt að því að halda jafnvægi í útgjöldum og tekjum.

Starfsskýrsla er aðgengileg á heimasíðu SÍK – sem frétt dagsett 12. maí.

Sigríður Schram

„Jesúbúðin“ Austurveri

Basarinn er nytjamarkaður Kristniboðssambandsins. Hann er ekki bara leið til tekjuöflunar heldur er hann líka kynningargluggi og staður samfélags. Flestir viðskiptavinir koma oft í mánuði, jafnvel oft í viku. Undanfarin ár hefur salan aukist nokkuð jafnt og þétt. Eitt mikilvægasta hlutverk Basarsins er þó þjónusta við vini markaðsins. Þeir eru mjög margir og æ fleiri leita leita hjá okkur fyrirbæna og stunda til að róa hugann.

Oft getur verið erfitt að leita til kirkjunnar eða þjóna hennar. Mörgum finnst þröskuldurinn hár. En að kíkja á Basarinn, spjalla og leita fyrirbænar þar er mun auðveldara. Við fréttum svo af því hvernig fólki vegnar. Það er aftur á móti ekki okkar að segja frá bænasvörum eða aðstæðum þeirra er þarfnast fyrirbæna.

Á einum kassa sem okkur barst var texti sem ef til vill segir þetta best. En á honum stóð „Jesúbúðin – Austurveri“. Það er einmitt það sem við þráum mest, að vera fingurgómar Jesú og snerta við fólki.

Ef þig langar að taka þátt í starfi okkar sem sjálfboðaliði, endilega hafðu samband.

Kalli, Basarnum – Austurveri



Kristniboðarnir í Pókot

Ávöxtur kristniboðsstarfsins í Pókot í Keníu sést víða. Þar hefur áratugalangt starf orðið að kirkju með yfir 300 söfnuðum, boðun til nýrra svæða, nærri 200 grunnskólum, 38 framhaldsskólum og kennaraskóla. Útbreiðslustarf ELCK-kirkjunnar er einstakt á landsvísu og nær til svæða þar sem aðstæður eru oft erfiðar og vegalengdir miklar.

Starfið er að fullu rekið fyrir gjafir frá kristniboðsvinum og velunnurum SÍK og nýtur engra opinberra styrkja. Kristniboðssambandið greiðir meðal annars laun, ferðakostnað og heilsutryggingu kristniboðanna, styrkir byggingu bráðabirgðakirkna og greiðir námskostnað nemenda á KBC-biblíuskólanum.

Víða hittist fólkið enn undir trjám eða í einföldum kirkjum með moldarveggjum. Á mörgum svæðum er aðeins einn eða tveir prestar sem sinna víðáttumiklum svæðum þar sem fólk býr dreift og samgöngur eru erfiðar.



Kristniboðarnir í Pókot: Komole, Loyara, Mayo og Lokirr

Kristniboðar sem SÍK greiðir laun

Í Alale sinnir Christofer Mayo bæði söfnuðum í Keníu og Úganda. Þar gengur starfið hægt vegna þess hve ólíkir þjóðflokkarnir eru, mikillar drykkju og sterkrar gamallar menningar. Margir karlar fara snemma að heiman til gullgraftar og koma ekki heim fyrr en seint að kvöldi. Konur eru þar í meirihluta í kirkjunum.

Í Úganda þjónar William Komole sjö kirkjum á stóru svæði með aðeins tvo presta til að sinna starfinu. Þar er fjölkvæni enn ríkjandi meðal margra karla og kristin trú mætir oft mótstöðu. Konurnar taka þó víða vel við fagnaðarerindinu.

Í Kasei fer Nicholas Loyara fyrir útbreiðslustarfinu. Þar eru kynfæralimlestingar og barnabrúðkaup algeng og menntun ekki talin mikils virði, sérstaklega þegar stúlkur eiga í hlut. Kirkjurnar eru einfaldar og byggðar úr mold, en þar hefur einnig vatnsverkefni kirkjunnar haft mikil áhrif. Fólk lýsir því jafnvel þannig að „Guð hafi komið niður“ þegar vatnið kom á svæðið.

Í Marakwet hefur Julius Lokir starfað á svæði sem lengi hefur einkennst af ófriði milli Pókot og Marakwet. Kirkjan stóð fyrir friðarfundi á jóladag þar sem yfir þúsund manns komu saman til bæna og sátta. Ný kirkja varð til í Kagatip í janúar á þessu ári en allar kirkjurnar á svæðinu eru enn bráðabirgðakirkjur. Þar er mikil þörf fyrir húsnæði svo að fólkið geti komið saman á regntíma.

Í Kerio-dalnum starfa Joseph, Daniel og Philip við erfiðar aðstæður. Þar er heiðni útbreidd og stúlkur í hættu vegna umskurnar og barnabrúðkaupa. Samt heldur starfið áfram og víða sækja konur, börn og þeir sem standa höllum fæti í samfélaginu kirkjuna af trúfesti.



Nýja testamentið á pókot máli

Bænarefni

Biðjum fyrir lífi og heilsu kristniboðanna og fjölskyldna þeirra. Biðjum Guð um vernd, visku og leiðsögn til handa leiðtogum kirkjunnar. Biðjum fyrir kristniboðsakrinum, að Orð Guðs falli í frjóan jarðveg. Biðjum um vernd fyrir stúlkur, gegn barnabrúðkaupum og kynfæralimlestingum. Biðjum fyrir nemendum á prédikara- og djáknanámskeiði KBC. Biðjum fyrir heilbrigði kirkjunnar.

Snæfríður Tinna Brjánsdóttir

Íslenskukennsla fyrir útlendinga

„Allt var svo frábært og hjálpaði mér mikið að læra íslenska tungu og menningu. Ég finn þakklæti til alls starfsfólks og kennara. Takk fyrir!“



Það er erfitt fyrir okkur Íslendinga að ímynda okkur hvernig það er fyrir fólk sem flytur hingað frá öðrum löndum að aðlagast Íslandi. Fólk þarf ekki bara að læra íslenska tungu til að ná að aðlagast samfélaginu heldur þarf það oft að takast á við gerólíka menningu og siði. Sum mæta jafnvel fordómum og finnst þau ekki tilheyra samfélaginu. Mörg hafa ekki efni á að læra íslensku eða getu til að mæta í íslenskunám á þeim tímum sem í boði eru vegna heimilisaðstæðna. Börn þeirra geta átt erfitt vegna þess. Fólk jafnvel þekkir ekki réttindi sín eða skyldur og getur því lent í að brotið sé gegn því eða verður af sjálfsagðri þjónustu.

SÍK leitast við að mæta þessum hópi með ókeypis íslenskukennslu. Þakklætið er mikið eins og ofangreind tilvitnun sýnir. Hún er ein af mörgum þakkarkveðjum sem borist hafa SÍK vegna kennslunnar. Það er okkar frábæru sjálfboðaliðum að þakka að hægt er að halda þessu gangandi ár eftir ár. Án þeirra væri ekki hægt að halda uppi faglegri kennslu sem miðar að því að ná þeim árangri að fólk geti bjargað sér á íslensku. Yfir hundrað nemendur eru skráðir í kennsluna en rúmlega helmingur þeirra mætir nánast alltaf. Við höfum verið heppin hingað til með fjölda sjálfboðaliða en ekkert hefur mátt út af bera. Við köllum því enn eftir fólki sem hefur áhuga á að taka þátt í þessu skemmtilega starfi með okkur næsta vetur.

Með því að bjóða upp á íslenskukennslu er Kristniboðssambandið ekki aðeins að kenna innflytjendum íslenska tungu heldur einnig að kynna fyrir þeim íslenska menningu og siði. Sjálfboðaliðar spjalla mikið við fólkið samhliða kennslunni. Þeir deila með því sögum, gleði og húmor og mæta nemendunum af mannskilningi og kærleika. Haldið er lokahóf á aðventunni og að vori, t.d. með Pálínuboði og vorferð. Nú síðast var farið í skemmtilega ferð í Skálholt sem tókst einstaklega vel. Þar tók sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir vel á móti okkur ásamt frábæru fólki sem sýndi okkur merkar menjar og fór með okkur yfir sögu staðarins í blíðskaparveðri.

Í íslenskukennslunni nær fólk að kynnast vel og þar myndast vinátta þvert á menningu og trú. Það getur gerst að fólk einangrist félagslega í nýju landi, sér í lagi þau sem ná ekki að komast út á vinnumarkaðinn og hitta annað fólk. Mörg segja íslenskukennsluna hafa rofið einmanaleika og einangrun sem þau fundu fyrir. Í íslenskukennslunni er sáð litlum fræjum vonar og kærleika. Nemendur fá örlitla fræðslu um hinn kristna boðskap og hafa sýnt því mikinn skilning. Margir þeirra þakka jafnvel fyrir en almennt bera þeir virðingu fyrir okkar trú og boðun. Enda sýnum við þeirra trú og menningu ávallt virðingu og skilning því áherslan er á kærleiksþjónustu við alla óháð trú og lífsskoðun. Nemendur eru þarna á eigin forsendum og mega koma með börnin með sér ef þannig háttar til. Áherslan er alltaf á að fólkinu líði sem best. Einn nemandinn sagði m.a. að í íslenskukennslunni hjá SÍK liði honum eins og hann væri ekki útlendingur. Ég held að það eigi við um flesta nemendurna sem koma til okkar.

Sr. Bryndís Böðvarsdóttir, verkefnastjóri fræðslu- og kynningarmála hjá SÍK

Alfa-námskeið fyrir unga fullorðna

Í byrjun árs komu til okkar á skrifstofu SÍK tvö ungmenni, þau Sigrún og Gunnar, með þá hugmynd að halda Alfa-námskeið á vegum sambandsins. Þau höfðu sjálf nýlega lokið slíku námskeiði í Lindakirkju og langaði að bjóða vinum sínum upp á sömu reynslu. Við tókum þessari skemmtilegu beiðni fagnandi og í janúar hófst Alfa-námskeið fyrir unga fullorðna á aldrinum 20–40 ára.

Strax frá upphafi var ljóst að áhuginn var til staðar og þörfin mikil. Yfir 15 þátttakendur mættu í hvert skipti, en það er einhver besta mæting sem fengist hefur á slíkt Alfa-námskeið hjá SÍK undanfarin ár. Stemningin var mjög góð og umræður bæði lifandi og uppbyggilegar. Ekki spillti fyrir að í hverri viku var boðið upp á dásamlegan heimagerðan mat, sem Sigrún sá um af mikilli alúð.

Í febrúar hélt hópurinn svo í Ölver þar sem fram fór svokölluð Alfa-helgi. Þar gafst þátttakendum tækifæri til að dýpka skilning sinn á kristinni trú, fræðast um heilagan anda, þiggja fyrirbæn og taka þátt í lofgjörð. Helgin reyndist mörgum dýrmæt og áhrif hennar voru greinileg. Það var augljóst að Guð var að starfa í lífi fólks á persónulegan hátt.

Námskeiðinu lauk í mars en hópurinn hefur lýst yfir áhuga á að hittast aftur fyrir sumarið. Við þökkum Guði fyrir þetta góða starf og biðjum þess að það sem sáð var í hjörtu þátttakenda fái að vaxa og bera ávöxt.

Snæfríður Tinna Brjánsdóttir



Framundan

Sumarmót á Löngumýri

Árlegt sumarmót Kristniboðssambandsins verður haldið að Löngumýri í Skagafirði dagana 17.–19. júlí. Dagskrá mótsins verður með hefðbundnu sniði. Norðanmenn munu sjá um upphafsstund á föstudagskvöldið, sr. Ólafur Jóhannsson um biblíulestur á laugardegi, Sigríður Schram verður með kristniboðskynningu síðdegis á laugardag og Kristniboðsfélag karla heldur utan um vitnisburðarstund um kvöldið. Guðsþjónusta verður í Miklabæjarkirkju í Skagafirði og mótinu lýkur með samveru kl. 14 á sunnudeginum. Skráning fer fram á Löngumýri í síma 453 8116 og þar eru veittar upplýsingar um verð. Eins er hægt að senda tölvupóst á netfangið langamyri@kirkjan.is. Unnt er að sofa úti á tjaldstæði eða inni og hafa með sér eigin mat eða kaupa að hluta eða öllu leyti.

Samkomur á miðvikudögum

Að venju eru samkomur eða fræðslustundir í Kristniboðssalnum alla miðvikudaga ársins nema um jól og í júlí. Fylgist með dagskránni á heimasíðu SÍK, sik.is, og á Facebook-síðu SÍK.



Ungmennastarf SÍK

Í janúar hófst nýtt ungmennastarf á vegum SÍK og hefur það gengið vonum framar. Starfið er ætlað unglingum á aldrinum 13–15 ára og er haldið vikulega á þriðjudagskvöldum í Kristniboðssalnum.

Leiðtogar starfsins eru þau Dagbjartur Elí og Þyrí sem hafa unnið ötullega að því að byggja starfið upp frá grunni. Með þeim í liði eru sjálfboðaliðarnir Andrias og Magnus frá Færeyjum sem hafa lagt sitt af mörkum með reynslu sinni af ungmennastarfi í Færeyjum. Saman hafa þau myndað sterkan leiðtogahóp fyrir unglingastarfið.

Markmið starfsins er að skapa öruggt og hlýlegt umhverfi þar sem unglingar geta kynnst kristinni trú, eignast vini og haft gaman saman. Kvöldin hafa verið fjölbreytt, með fræðslu, leikjum og samveru, og hafa unglingarnir meðal annars farið í gegnum Alfa-námskeið fyrir ungmenni. Þar hefur skapast gott rými fyrir spurningar og opnar umræður. Nú hafa þau lokið Alfa-námskeiðinu og fá í framhaldinu að heyra þekktar biblíusögur um Jesú.

Strax frá upphafi hefur verið góð mæting og jákvæð stemning. Unglingarnir taka virkan þátt og myndast hefur samheldinn hópur. Slíkt samfélag er mikilvægur grunnur fyrir áframhaldandi vöxt starfsins.

Dagana 15.–17. maí fór hópurinn á helgarmót í Kirkjulækjarkoti sem er mikilvægur þáttur í að efla tengsl og dýpka samfélagið. Á mótinu var fjölbreytt dagskrá með samkomum, leikjum, kvöldvöku og ýmiss konar samveru.

Áform eru um að fara með hópinn til Færeyja í október á unglingamót. Slík ferð væri bæði eftirminnileg upplifun og mikilvæg leið til að efla tengsl milli



landanna og gefa unglingunum nýja sýn á kristilegt starf.

Þegar horft er fram á veginn eru vonir bundnar við að starfið haldi áfram að vaxa og dafna. Mikilvægt er að byggja á þeim góða grunni sem þegar hefur verið lagður og halda áfram að skapa vettvang þar sem ungmenni finna sig velkomin og örugg.

Við hvetjum fólk til að standa með þessu starfi í bæn um að það megi halda áfram að bera ávöxt og að Guð leiði það áfram inn í komandi vetur.

Snæfríður Tinna Brjánsdóttir

Viltu bóka kristniboðskynningu?

Starfsfólk Kristniboðssambandsins hefur ánægju af því að kynna starfið fyrir áhugasömum. Í vor hefur starfið m.a. verið kynnt á Aglow-fundi í Garðabæ og í eldri-borgarastarfi kirkjunnar í Borgum og Bústaðakirkju. Hægt er að óska eftir kynningu með því að hafa samband við skrifstofuna í síma 553-4900 eða með tölvupósti á sik@sik.is.

Færeyskir sjálfboðaliðar efla ungmennastarf á Íslandi

Í janúar komu tveir ungir sjálfboðaliðar frá Færeyjum, þeir Andrias Garðsá og Magnus Hammer í Hjøllum, til starfa hér á landi á vegum SÍK. Koma þeirra er hluti af vaxandi samstarfi milli SÍK og Heimamissiónin í Færeyjum, sem miðar að því að efla kristilegt starf meðal ungs fólks og styrkja tengsl milli landanna.

Þeir Andrias og Magnus komu til Íslands með mikla reynslu af ungmennastarfi úr Færeyjum og hafa frá upphafi lagt sig fram um að styðja við og efla starf meðal ungs fólks hér. Þeir hafa komið víða við, tekið þátt í fjölbreyttu starfi og lagt sitt af mörkum þar sem þeir hafa bæði miðlað af reynslu sinni og lært nýja hluti í ólíku samhengi.

Meðal þess sem þeir hafa tekið þátt í er uppbygging á nýju unglingastarfi SÍK ásamt Dagbjarti Elí Kristjánssyni og Þyrí Ágústsdóttur. Það starf hefur þróast vel yfir veturinn og myndast hefur góður hópur sem mætir þar. Lesa má nánar um unglingastarfið í næstu grein.

Þá hafa þeir einnig verið virkir í starfi í framhaldsskólum þar sem þeir hafa tekið þátt í bænahópum og samverustundum með nemendum. Slíkt starf getur haft mikla þýðingu fyrir ungt fólk sem vill rækta trú sína í skólaumhverfi þar sem það getur annars verið krefjandi. Með nærveru sinni og þátttöku hafa þeir stutt við slíkt starf og hvatt aðra til þátttöku.

Auk þessa hafa þeir komið að ýmiss konar ungmennastarfi, kirkjustarfi og samkomum og jafnframt tekið þátt í Alfa-námskeiði fyrir ungt fullorðið fólk sem haldið var á vegum SÍK með góðum árangri. Lesa má meira um Alfa-námskeiðið í annarri grein. Þessi fjölbreytni í verkefnum hefur gefið þeim góða innsýn í íslenskt samfélag og kirkjulíf.

Reynsla þeirra hér á landi hefur einnig falið í sér ákveðnar áskoranir. Þeir hafa þurft að aðlagast nýrri menningu og öðru skipulagi kirkjustarfs en þeir eiga að venjast frá Færeyjum. Þrátt fyrir það hafa þeir sýnt sveigjanleika og vilja til að læra og finna leiðir til að nýta reynslu sína í nýju samhengi. Slík reynsla er dýrmæt, bæði fyrir þá sjálfa og fyrir starfið sem þeir taka þátt í.

Fram undan eru síðustu vikur þeirra hér á landi. Þeir verða í Reykjavík fram í byrjun júní en halda þá austur í Eiða þar sem þeir munu starfa í sumarbúðunum í þrjár vikur. Þar fá þeir tækifæri til að halda áfram að vinna með börnum og ungmennum í nýju og lifandi umhverfi. Dvöl þeirra á Íslandi lýkur síðan í lok júní.

Starf þeirra Andriasar og Magnusar hefur verið mikill styrkur fyrir SÍK á þessum tíma. Um leið hefur það verið mikilvægt skref í að efla samstarf Íslands og Færeyja á sviði kristniboðs. Með slíku samstarfi skapast ný tækifæri til að læra hvert af öðru og byggja upp starf sem nær til nýrrar kynslóðar.

Þegar horft er fram á veginn er stefnt að því að halda áfram á þessari braut og fá aftur sjálfboðaliða frá Færeyjum næsta haust. Sú von er rík að það starf sem nú hefur verið lagt af stað með haldi áfram að vaxa og dafna og að tengslin milli landanna styrkist enn frekar á komandi árum.

Snæfríður Tinna Brjánsdóttir



Að baki

Kristniboðsvika

Kristniboðsvikan var haldin dagana 1.–8. mars. Yfirskrift hennar var „Farið út um allan heim og prédikið fagnaðarerindið." Undirbúningur var í höndum framkvæmdastjóra og stjórnar. Flestar samverur vikunnar, samkomur og fræðslustundir voru haldnar í Kristniboðssalnum en ein samkoma var haldin í aðalstöðvum KFUM/KFUK á Holtavegi og lokasamkoman í Íslensku Kristskirkjunni. Gestur vikunnar var Ragnhild Myren, starfsmannastjóri hjá Norska kristniboðssambandinu (NLM).

Kaffi, matur og fjáröflun

Stór liður í fjáröflun kristniboðsfélaganna eru kaffisölur og matarkvöld. Það sem af er þessu ári hafa félögin staðið fyrir kótilettukvöldi í febrúar, Eþíópíukvöldi í mars, fjáröflunarsamkomu í apríl og kaffisölu 1. maí. Stjórn og starfsfólk SÍK vilja þakka öllum þeim konum og körlum sem leggja fram krafta sína og tíma með þessum hætti.

Nýja testamenti og námskeið

James og Angela Joransen héldu námskeið fyrir sunnudagaskólakennara í desember á tveimur stöðum í Pókot í Keníu. Í tengslum við ferð þeirra stóð Biblíufélagið fyrir skyndisöfnun fyrir prentun Nýja testamentisins á Pókotmáli. Bækurnar voru prentaðar í Keníu og afhentar í ferð James og Angelu.

„Takk fyrir að sjá okkur!“

Diana Rotich frá Pókot í Keníu dvaldi hér á landi á vorönn 2026 þar sem hún stundaði nám í jafnréttisfræðum við GRÓ – Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu, sem starfar undir merkjum UNESCO. Í heimalandi sínu vinnur hún ötullega að framgangi jafnréttismála með það að markmiði að efla stöðu kvenna og auka þátttöku þeirra í stjórnun og ákvarðanatöku innan samvinnufélaga bænda og smærri fyrirtækja.

Hún setti sig í samband við okkur hjá Kristniboðssambandinu í þeim erindagjörðum að þakka fyrir kristniboðið í heimahéraði sínu. Gefum Diönu orðið.

Ég er nú stödd hér á Íslandi þar sem ég stunda nám við GEST-áætlunina í jafnréttisfræðum. Það gleður mig mjög að fá tækifæri til að færa ykkur þakkir frá fólkinu mínu og Pókotsamfélaginu.

Þegar minnst er á Pókotsamfélagið sér fólk gjarnan fyrir sér gamlar staðalímyndir nautgripahirða, nautgripaþjófa eða samfélags sem er vanþróað og gleymt. En Íslendingar, í gegnum Kristniboðssambandið, kusu að sjá okkur með öðrum augum. Þið sáuð reisn þar sem aðrir sáu aðeins erfiðleika. Þið sáuð möguleika þar sem aðrir sáu takmarkanir. Þið sáuð fólk sem hafði verið jaðarsett, ósýnilegt og án raddar – og þið ákváðuð að ganga með okkur.

Í nærri hálfa öld hafið þið hvorki snúið baki við okkur né gleymt okkur eitt einasta augnablik. Þvert á móti hafið þið nálgast okkur. Þið hafið byggt upp sambönd og þjónað samfélaginu með kirkjum, skólum og fjölbreyttum samfélagsverkefnum. Í öllum fimm hreppum Pókot eruð þið ekki aðeins stuðningsaðilar í okkar augum – þið eruð fjölskylda.

Ég ólst upp við sögur af kristniboðinu löngu áður en mér datt í hug að ég ætti eftir að koma til Íslands einn daginn. Afi minn heitinn, Andrea Loyatom, og móðir mín, Beatrice Loyatom, hafa alltaf talað um Kristniboðssambandið af mikilli virðingu og þakklæti.

Þegar fólk í samfélaginu mínu frétti að ég væri að fara til Íslands gerðist nokkuð mjög fallegt. Fólk stöðvaði mig á götunni og sagði: „Vinsamlegast heilsaðu Skúla og konunni hans.“ Þau voru fyrstu kristniboðarnir sem settust að í Chepareria, þorpinu mínu í Pókot. Fólk nafngreindi einnig fleiri íslenska kristniboða sem það vildi flytja kveðjur og þakkir.

Hugsið ykkur – áratugum síðar man fólk enn nöfnin ykkar. Það minnist ykkar ekki sem styrktaraðila. Það minnist ykkar sem fólks sem varð hluti af lífi okkar.

Fólk sagði við mig: „Þegar þú kemur þangað skaltu heimsækja lútersku kirkjuna og færa henni þakklæti okkar. Segðu fólkinu þar að við höfum ekki gleymt.“

Fyrir viku fékk ég svo tækifæri til að hitta Sigríði framkvæmdastjóra og færa Kristniboðssambandinu þakkir mínar. Það snerti mig djúpt að ganga inn á skrifstofuna. Ég fann að ég var að stíga inn á stað sem hefur átt þátt í að brjóta niður múra heima hjá okkur – múra fátæktar, ólæsis og þeirra menningarlegu viðhorfa sem halda enn aftur af mörgum.

Þið hafið breytt lífi fólks sem þið hafið kannski aldrei hitt. Þið hafið verndað og valdeflt konur og stúlkur. Þið hafið opnað dyr þar sem áður voru engar dyr.

Kæru kristniboðsvinir, ég ég á það móður minni að þakka að ég er nú á Íslandi. Hún trúði á gildi menntunar og lagði allt sitt í að tryggja mér skólagöngu, jafnvel þegar úrræði voru af skornum skammti. Og ég hef lært eitt mikilvægt: Það er engin verðmætari fjárfesting í fólki en menntun. Þegar fjárfest er í menntun er verið að fjárfesta til framtíðar. Þá er ekki aðeins verið að styðja eitt barn – heldur umbreyta heilum kynslóðum.

Í dag heldur starf ykkar áfram að móta framtíð samfélagsins míns með meira en 300 kirkjum, 38 framhaldsskólum og yfir 100 grunnskólum. Já, áskoranirnar í Pókot eru enn margar. En vegna starfs ykkar fá þúsundir stúlkna nú að ganga í skóla. Samfélög hafa fengið aðgang að hreinu vatni með borholum, fjölskyldur hafa fengið húsaskjól, konur hafa öðlast efnahagslegt sjálfstæði og vonin hefur fest rætur í samfélaginu mínu.

Þess vegna færi ég ykkur í dag kærar kveðjur og innilegt þakklæti frá þorpinu mínu – frá öldungunum, kennurunum, mæðrunum og börnunum sem þið hafið haft áhrif á.

Frá Pókot til Íslands: Takk fyrir að sjá okkur. Takk fyrir að standa með okkur. Og takk fyrir að trúa á okkur. Takk fyrir!

Þessi kveðja flutti Diana á samkomu í Kristniboðssalnum miðvikudaginn 29. apríl sl.



Andlát

Felix Ólafsson kristniboði lést í Hillerød í Danmörku 4. mars síðastliðinn, 96 ára að aldri. Felix var fyrsti íslenski kristniboðinn sem sendur var til Eþíópíu, en hann hélt þangað ásamt eiginkonu sinni, Kristínu Guðleifsdóttur, eftir nám við kristniboðaskóla í Noregi. Síðar starfaði hann sem sóknarprestur í Grensáskirkju í Reykjavík og síðan sem prestur í Noregi og Danmörku. Nánar má lesa um ævi og störf Felix á heimasíðu SÍK.



Lífsins vatn!

Það var ógleymanleg stund að hitta öldungana í Chespen og verða vitni að gleði þeirra og þakklæti fyrir rennandi hreint vatn.

Chespen er einn þriggja staða í norðurhluta Pókot þar sem borað var eftir hreinu vatni síðastliðið haust. Borholurnar eru hluti af stóru þróunarverkefni sem nýtur stuðnings utanríkisráðuneytisins og kallast „Menntun til framtíðar". Á þurrkatímum hefur fólk þurft að grafa eftir vatni í þurrum árfarvegi fyrir sjálft sig og búpeninginn. Oft er það hlutverk kvenna og barna að sækja vatnið. Þegar megnið af deginum fer í vatnsöflun verður lítill tími eftir til náms. Nú streymir hreint og gott vatn upp úr borholum, nægjanlegt fyrir menn og málleysingja. Heimamenn áttu varla orð til að lýsa þakklæti sínu, gleði og undrun. Þeir hafa beðið Guð um að gefa sér vatn og nú er komið bænasvar. Það er stórkostlegt að fólk skuli eiga aðgang að lifandi vatni í tvennum skilningi: hreinu drykkjarvatni og Jesú Kristi.

Fyrirhugaðar eru boranir á tveimur stöðum til viðbótar á þessu ári. Hægt er að fylgjast með fréttum af þróunarverkefninu á heimasíðu SÍK.

Sigríður Schram



Vinátta og samfélag eru grunnurinn

Kveðja frá Katsuko og Leifi Sigurðssyni í Japan

Kirkjuþing WJELC

Á kirkjuþingi lúthersku kirkjunnar í Vestur-Japan (WJELC), sem haldið var 20. mars, voru kosnir nýir forystumenn. Séra Yoshida tók við sem forseti kirkjunnar og séra Ishimaru sem varaforseti. Á sama þingi var einnig vígður nýr prestur, nokkuð sem gerist ekki á hverju ári. Ritningarorð ársins er úr Hebreabréfinu, 10. kafla, 24. versi: „Gefum gætur hvert að öðru og hvetjum hvert annað til kærleika og góðra verka." Einkunnarorð WJELC árið 2026 er „Kirkja þar sem menn hvetja hver annan." Biðjið fyrir kirkjunni og að Guð blessi starf hennar á komandi árum.



Karen Elisabet Wittersø ásamt Katsuko og Leifi

Kristniboðaráðstefnan

21.–25. mars var árleg ráðstefna kristniboða sem starfa á vegum NLM í Japan. Við vorum sem endranær á Hiruzen-biblíusetrinu, tuttugu og þrír kristniboðar frá fimm löndum, Noregi, Finnlandi, Íslandi, Japan og Ástralíu, og tuttugu börn. Eivind Jåtun, svæðisstjóri Norska kristniboðssambandsins, hélt biblíulestra um fyrirgefninguna. Einnig var fjallað um hvernig styrkja megi barnastarf og faglega þjálfun kristniboða. Það er dýrmætt að fá tækifæri til að hittast, skiptast á skoðunum, ræða stöðu kirkjunnar og hvetja hvert annað.

Meðal gesta var Karen Elisabet Wittersø Hector frá Norska kristniboðssambandinu. Hún hefur málefni kristniboðabarna á sinni könnu og hefur sjálf alist upp sem kristniboðabarn í Eþíópíu. Síðar þjónaði hún sem kristniboði í Voito-dalnum þar sem íslenskir brautryðjendur á vegum Kristniboðssambandsins, Guðlaugur Gunnarsson og Valgerður Gísladóttir, hófu starf á meðal Tsemaí-þjóðflokksins. Það var óvænt ánægja að uppgötva þessi óvæntu tengsl. Þræðirnir í kristniboðsstarfinu liggja víða og spanna áratugi og heimsálfur.



Prestsvígsla

Skírnarnámskeið

Eitt helsta gleðiefni þessa vors er eldri kona sem heitir Nao. Hún komst í tengsl við söfnuðinn okkar í gegnum vinkonu sína. Hún hefur tekið þá ákvörðun að láta skíra sig í sumar og er á skírnarnámskeiði hjá okkur. Kennslan hefur verið henni lærdómsrík en flest sem tengist Biblíunni er Japönum og japanskri menningu mjög framandi. Sem dæmi er skilningur á synd fremur tengdur því að fremja glæp. Orðið sem slíkt hefur því aðra merkingu í japönsku en þá sem við á Vesturlöndum leggjum í það. Það þarf því oft að leita nýrra leiða til að koma þessum grundvallarhugmyndum Biblíunnar til skila. Oft krefst það þolinmæði að boða kristna trú í japönsku samhengi. Menning og tungumál móta skilning hlustenda á sérstakan hátt sem við gerum okkur oft ekki grein fyrir. Við lesum guðsorðið saman og tölum um hvað það þýðir. Nao hlustar af athygli og spyr margra spurninga. Margt er henni enn þá framandi. En Guð vinnur sitt verk í hjarta hennar. Biðjið fyrir henni og að Guð gefi henni skilning á fagnaðarerindinu.

Seinna í ár byrjar vinkona Elínar á skírnarnámskeiði. Hún heitir Victorya og var bekkjarfélagi Elínar áður en hún byrjaði í alþjóðlega skólanum. Þetta er dæmigert fyrir hvernig kristniboðsstarfið gengur



Samvera hjá unglingahópnum

fyrir sig í Japan. Vinátta og samfélag eru grunnurinn sem opnar tækifæri sem annars væru engin.

Unglingastarfið

Unglingastarfið gengur vel og við höfum farið í gegnum sögur Gamla testamentisins: Abraham, Ísak, Jakob og núna Jósef. Við höfum verið að ræða um fyrirgefninguna, spurninguna um þjáninguna og þá grundvallarspurningu sem margir glíma við: Hvar er Guð þegar allt fer úrskeiðis? Getur maður fyrirgefið án þess að gleyma? Hvað þýðir það að Guð sé með okkur þegar hjálpin berst ekki strax? Hvað gerir þjáninguna þolanlega? Við erum að skipuleggja sameiginlega unglingasamveru fyrir nokkra söfnuði í Kobe í byrjun júní. Biðjið þess að það megi verða þeim til blessunar og mynda tengsl á milli unglinga í mismunandi söfnuðum.

Í vetur hefur Jonas Gilje frá Noregi verið okkur innan handar í unglingastarfinu. Hann kom til okkar sem eins árs starfsnemi hjá NLM og lýkur þjónustu sinni í byrjun júní. Á hverju ári fáum við nýjan starfsnema og hefur þetta fyrirkomulag verið mikil blessun. Jonas hefur tekið þátt í ýmsum störfum hér á Kobe-svæðinu. Við þökkum honum kærlega fyrir þjónustuna og biðjum Guð að blessa hann núna þegar hann kveður Japan og heldur af stað til Noregs.

Nara

Í lok apríl og byrjun maí fagna Japanar vikulöngu fríi sem þeir kalla gullnu vikuna en það er ein mesta ferðavika ársins. Þjóðvegir og lestir eru þá fullar af fólki. Við fjölskyldan nýttum þetta tækifæri og fórum til Nara sem er hér skammt frá, nálægt Osaka. Þetta var fyrsta höfuðborg Japans. Borgin var stofnuð árið 710 og þar eru nokkur af elstu minningarmerkjum landsins: búddamusteri og shintó-helgidómar sem hafa staðið í meira en þúsund ár. Í Tōdai-ji-musterinu stendur stærsta bronsmynd af Búdda í heimi. Hún er yfir fimmtán metrar á hæð. Garðurinn í kring var þéttsetinn af fólki: japönskum fjölskyldum og ferðamönnum frá öllum heimshornum.

Þegar við gengum um borgina komu orð Páls postula upp í hugann. Þegar hann kom til Aþenu sá hann borgina þéttsetna ölturum og fulla af skurðgoðadýrkun. En hann leitaði tengsla. Hann fann altarið sem bar áletrunina: „Ókunnum guði.“ Og notaði hann það tækifæri til að tala um Guð. „Aþeningar, þið komið mér svo fyrir sjónir að þið séuð í öllum greinum miklir trúmenn því að ég gekk hér um og hugði að helgidómum ykkar og fann þá meðal annars altari sem á er ritað: Ókunnum guði. Þetta sem þið nú dýrkið og þekkið ekki, það boða ég ykkur. Guð, sem skóp heiminn og allt sem í honum er, hann, sem er herra himins og jarðar, býr ekki í musterum sem með höndum eru gerð. Ekki verður honum heldur þjónað með höndum manna, eins og hann þyrfti nokkurs við, þar sem hann sjálfur gefur öllum líf og anda og alla hluti. Hann skóp og af einum allar þjóðir manna og lét þær byggja allt yfirborð jarðar er hann hafði ákveðið setta tíma og mörk bólstaða þeirra. Hann vildi að þær leituðu Guðs ef verða mætti þær þreifuðu sig til hans og fyndu hann. En eigi er hann langt frá neinum af okkur. Í honum lifum, hrærumst og erum við. Svo hafa og sum skáld ykkar sagt: Því að við erum líka hans ættar. Fyrst við erum nú Guðs ættar megum við eigi ætla að guðdómurinn sé líkur smíði af gulli, silfri eða steini, gerðri með hagleik og hugviti manna. Guð hefur umborið vanvisku liðinna tíma. En nú boðar hann mönnum hvarvetna að allir skuli snúa sér til hans því að hann hefur sett dag er hann mun láta mann, sem hann hefur fyrirhugað, dæma heimsbyggðina með réttvísi. Þetta hefur hann sannað öllum mönnum með því að reisa hann frá dauðum” (Post 17, 22–31). Í Nara var, hvert sem litið var, fólk að leita: Það kom fram fyrir helgidóminn, beygði sig, brenndi reykelsi og skrifaði bænir. Þrá okkar eftir Guði, eftir einhverju sem er stærra en við sjálf, er raunveruleg.

Hvítasunna er nú að ganga í garð. Við fögnum komu Heilags anda og biðjum: Heilagur andi, kom yfir söfnuðinn okkar hér á Rokko-eyju og yfir alla þá sem eru að leita að þér í þessu landi.

Leifur Sigurðsson

Von og þjónusta meðal Írana í Lundúnum

Janet og Mehran, sem SÍK styður í starfi þeirra í Lundúnum, þjóna íranskri kristinni kirkju þar sem margir meðlimir eru flóttamenn eða fólk sem hefur þurft að yfirgefa Íran vegna aðstæðna þar í landi. Starfið snýst bæði um boðun, sálgæslu og hagnýta þjónustu við fólk sem lifir oft við mikla óvissu.

Kirkjan hefur undanfarið staðið með Írönum sem mótmæla ástandinu í heimalandi sínu. Meðlimir safnaðarins hafa mætt með kaffi, te og kex á mótmælafundi Írana á götum Lundúna og sýnt þannig kærleika og umhyggju í verki. Þannig hafa skapast tækifæri til samtala, tengsla og vitnisburðar um kærleika Krists í verki.

Ástandið í Íran er sagt eitthvert hið alvarlegasta í áratugi. Margir hafa særst eða látist í tengslum við mótmæli, fólk hefur verið handtekið og samskipti við umheiminn eru oft erfið vegna internetlokana. Margir í söfnuðinum hafa miklar áhyggjur af fjölskyldum sínum heima í Íran.

Þrátt fyrir erfiðar aðstæður heldur starfið áfram af krafti. Á páskadag voru nokkrir skírðir í söfnuðinum og nýverið tóku sex manns á móti fagnaðarerindinu á samveru kirkjunnar í Southend-on-Sea. Tvær konur heyrðu þar boðskap kristinnar trúar í fyrsta sinn.



Janet og Mehran biðja sérstaklega um fyrirbæn fyrir Íran, fyrir þeim sem nýlega hafa komist til trúar og fyrir öllum þeim sem leita nú í kirkjuna eftir von, samfélagi og friði.

Mitt í annasömum og krefjandi aðstæðum hefur fjölskyldan fagnað nýju lífi. 9. maí síðastliðinn eignuðust Janet og Mehran son sem hlaut nafnið Elijah Cyrus Rezai. Fjölskyldunni heilsast vel og foreldrarnir eru þakklátir fyrir þessa dýrmætu gjöf og hvernig Guð hefur svarað bænum þeirra.

SAT-7

SAT-7 er kristin sjónvarps- og miðlunarstöð sem sendir út efni á arabísku, persnesku og tyrknesku til milljóna heimila í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Með fræðslu, vitnisburðum og bæn styður stöðin kristið fólk á svæðum þar sem margir eiga erfitt með að nálgast kirkju eða kristið samfélag.

Undanfarið hefur SAT-7 PARS, persneska deild stöðvarinnar, sérstaklega staðið með fólkinu í Íran á erfiðum tímum. Þar hefur verið boðið upp á sérstaka bænaþætti og samtöl fyrir fólk sem lifir við ótta, óvissu og mikla erfiðleika vegna ástandsins í landinu. Starfsfólk stöðvarinnar segir að straumur skilaboða og bænaefna frá Íran hafi aukist mjög á síðustu misserum.

Á meðan stríð og átök halda áfram í Mið-Austurlöndum búa milljónir barna og fjölskyldna við ótta, missi og óvissu. Börn spyrja mæður sínar hvort þau muni deyja, skólar standa tómir og fjölskyldur neyðast til að flýja heimili sín. Í þessum aðstæðum leitast SAT-7 KIDS við að hjálpa börnum að vinna úr ótta, finna von og leita til Guðs.

Nýlega sendi ung egypsk stúlka stöðinni einföld talskilaboð – bæn um frið og vernd fyrir börn heimsins. Bænin snerti starfsfólkið svo djúpt að hún var gerð að lagi og þýdd á fleiri tungumál til að ná til barna víðs vegar um Mið-Austurlönd og Norður-Afríku. Þannig vill SAT-7 minna börn á að þau séu ekki ein, jafnvel á erfiðustu stundum.

Á tímum þegar margir í Mið-Austurlöndum lifa við ótta og einangrun heldur SAT-7 áfram að vera rödd vonar, bænar og fagnaðarerindis inn á heimili fólks sem annars hefði litla möguleika á að heyra kristinn boðskap.

https://www.youtube.com/watch?v=2Eftxv8mAEo&t=2s

Snæfríður Tinna Brjánsdóttir

Leiðtoganámskeið tengir saman ungt fólk á Íslandi og í Færeyjum

Kristniboðssambandið og Heimamissiónin hafa tekið höndum saman og skipulagt spennandi námskeið fyrir ungt fólk á aldrinum 17–25 ára frá Íslandi og Færeyjum veturinn 2026-27. Námskeiðið er ætlað ungmennum sem eru í leiðtogahlutverki í kristilegu starfi og vilja vaxa bæði persónulega og í því hlutverki að veita forystu.

Skipulag námskeiðsins

Námskeiðið hefst með sameiginlegri helgi í Færeyjum dagana 18.–20. september 2026. Þar hittast þátttakendur í fyrsta sinn, kynnast hver öðrum og leggja grunn að ferðalagi sem stendur yfir fram á vor. Á dagskrá verður kennsla, verkleg þjálfun, lofgjörð og samfélag.

Eftir upphafshelgina taka við mánaðarlegar samverur þar sem farið verður yfir fjölbreytt viðfangsefni sem tengjast leiðtogahlutverkinu. Þar verður meðal annars rætt um andlegt líf, sjálfsmynd, karakter, samskipti, frumkvæði og ábyrgð. Kennslan verður ekki aðeins fræðileg heldur munu þátttakendur fá tækifæri til að prófa það sem þeir læra í eigin lífi og þjónustu.

Mikil áhersla verður lögð á smáhópa sem fylgjast að allt námskeiðið. Í þeim skapast vettvangur fyrir heiðarleg samtöl, bæn, hvatningu og sameiginlegan vöxt. Þátttakendur setja sér persónuleg markmið og fá stuðning við að taka næstu skref, hvort sem það felst í aukinni þjónustu, nýjum verkefnum eða því að stíga út fyrir þægindarammann.

Námskeiðinu lýkur með lokahelgi á Íslandi næsta vor þegar færeysku þátttakendurnir koma í heimsókn. Þar gefst tækifæri til að líta yfir farinn veg, deila reynslu, styrkja vináttubönd og fagna þeim skrefum sem tekin hafa verið á leiðinni.

Kennarar

Kennslan verður í höndum reyndra og öflugra kennara sem miðla af þekkingu og reynslu og veita innsýn í raunveruleg viðfangsefni. Þannig fá þátttakendur bæði fjölbreytt sjónarhorn og hagnýta leiðsögn.

Meðal kennara verða Gunnar Jóhannes Gunnarsson, Kjartan Jónsson, Ásta Bryndís Schram, Hafliði Kristinsson, Bjørn Inge Furnes, Helga Vilborg Sigurjónsdóttir, Jákup Brúsá og Heri Kjærbo.

Verð og skráning

Námskeiðsgjaldið er 90.000 krónur og innifalið í því er ferð til Færeyja, kennsla, gisting og matur á báðum helgarmótum. Umsækjendur eru hvattir til að kanna möguleika á stuðningi frá kirkjunni sinni.

Fyrir ungt fólk sem þjónar í kristilegu starfi, vill læra af fagfólki og byggja upp tengsl við trúsystkini í Færeyjum gæti þetta verið upphafið að ferðalagi sem hefur áhrif langt umfram námskeiðið sjálft.

Aðeins er pláss fyrir tólf þátttakendur frá hvoru landi. Umsóknarfrestur er til 1. júlí. Á baksíðu Kristniboðsfrétta er auglýsing um námskeiðið og efst á síðunni er qr-kóði sem leiðir á umsóknareyðublað.

Viðfangsefnin verða:

- Að veita forystu
  – hvað er kristileg forysta?
- Kristniboðsköllunin
  – send til að gera fólk að lærisveinum
- Að skilja Biblíuna
  – orð Guðs og hvernig á að lesa hana
- Innra líf leiðtogans
  – karakter og heilindi
- Að varðveita hjartað
  – peningar, kynlíf, völd og hroki
- Að þjóna með gjöfum þínum
  – styrkleikar og köllun
- Forysta í eigin lífi
  – tími, agi og hvíld
- Dómgreind, samskipti og að taka leiðsögn
- Að leiða í teymum og hópum
- Leiðsögn og margföldun
  – að ala upp lærisveina
- Auðmýkt, ágreiningur og sættir
- Þrautseigja í þjónustu
  – þolgæði í mótlæti



KRISTILEGT

LEIÐTOGA

NÁMSKEIÐ

TVEGGJA ÞJÓÐA

ÍSLAND

FÆREYJAR



HAGNÝTT | ANDLEGT | SKEMMTILEGT | PERSÓNULEGT

ALLT Í EINU NÁMSKEIÐI